

Ed.

739. Breytingartillögur

[50. mál]

við frv. til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Skipamálastofnun.
 - b. Í stað orðsins „siglingamál“ komi: öryggismál skipa.
2. Við 2. gr. 6. töluliður orðist svo:

Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: skipamálastjóri.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skipar fasta starfsmenn stofnunarinnar, að fengnum tillögum skipamálastjóra. Fast starfsfólk Skipamálastofnunar ríkisins tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipamálastjóra.

Eigi má skipamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipamálastofnun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamræmanleg stöðu þeirra og háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipamálastofnunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félag eða opinberar stofnanir.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um Skipamálastofnun ríkisins.